



## Bréfa- og málasafn 1955

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Dómsmálaráðherra – Menntamálaráðherra – Bréf – Svarbréf –  
Benedikt Blöndal Björgvin Þorsteinsson – Magnús Víglundsson – Páll Ó. Pálsson – Rögnvaldur  
Sigurjónsson – Þorsteinn Einarsson – Fréttabréf um vörusölu og launagreiðslur – Sendiráðið í  
Kaupmannahöfn

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnmalamaðurinn

Askja 2-18, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 21. nóv. 1955.

Góði vinur.

Eg þakka þér bréf þín, nú síðast frá 14. nóv. Af þeim sé ég, að þér kemur ekki til hlýtar saman við vinnuveitendur þína, og virðist þó svo, eftir síðasta bréfi, sem eitthvað betur horfi. Ráðleggingar frá mér eru hægjar, þar sem mig skortir nægan kunnugleika á öllum aðstæðum, en í þínum sporum mundi ég naumast hverfa að vestan nú og fara í siglingu, fyrr en betur er gengið úr skugga um, hvaða framtíðarmögileika þú átt hjá fyrirtækinu, og hvort þú getur hagnýtt hugmyndir þínar eða ekki.

Við því er að búast, að töluverða þolinmæði þurfi til að fá úr þessu skorið í ókunnugu landi og varhugavert er að sleppa þeirri fótfestu, sem fengin er. Hins verður að gæta eftir föngum að láta ekki hirða hugmyndirnar frá þér, og þú standir réttíðislaus eftir, en mér skilst, að þú hafir fengið lögfræðinga, sem þú treystir, og þeir sendu mér vinsemlegt bréf um þig. Þá er að hlýta ráðum þeirra, en þó verður að muna, að slíkir menn eru ekki allir trausts verðir, en vonandi hefur þú kannað það, áður en þú leitaðir til þeirra.

Eg hefði talið langöruggast, að þú heldir þig sem mest að Hannesi Kjartanssyni og færir að hans ráðum, því að hann er orðinn gjörkunnugur vestra, og er mjög góður og öruggur maður. Því miður sýnist eitthvert missætti hafa orðið ykkar á milli, en úr því ættir þú

að reyna að bæta. Ef til vill er þó of sterkt til orða  
tekió að tala um missætti, en Hannes hefur ekki átt  
kost á að fylgjast með þér, eins og ég hafði vonað.  
Þú mátt gæta þín, að vera ekki um of laus í ráðsinni,  
heldur treysta þeim, sem trausts eru verðir.

Þú fyrirgefur mér þessar ráðleggingar, en  
mér er umhugaó um, að þú nýtir hæfileika þína og leyfi  
mér því sem þér reyndari maður, að gefa þér ráðleggingar.  
Ég vona svo, að þér megi allt snúast til hags, og að þú  
látir mig eftir sem áður fylgjast með því, sem í málum  
þínum gerist.

Þinn einlægur,

Reykjavík, 21. nóv. 1955.

Góði vinur.

Eg þakka þér bréf þitt, dags. 14. nóv. s.l.

Ég hefi nú útvegað nokkrar myndir, sem ég sendi þér og bið þig um að koma til Mr. Lee, en helst vildi ég fá myndaspjaldið aftur, þegar hann er búinn að nota það. Vona ég, að þetta nægi, svo að hann geti nú lokið verkinu.

Ég þakka þér fyrirhöfn þína og vona, að þér og þínu fólki líði vel.

Með bestu kveðjum.

Þinn einlægur,

Reykjavík, 22. nóv. 1955.

Herra kennari  
Lárus Bjarnason,  
Reykjavík.

Heiðraði herra!

Ég þakka yður hér með fyrir  
að hafa sent mér bók yðar "Dæmasafn  
með úrlausnum", sem ég hefi móttengið  
með ánægju.

Yðar einlægur

Reykjavík, 22. nóv. 1955.

Herra skólastjóri  
Benedikt Tómasson,  
Hafnarfirði.

Heiðraði skólastjóri!

Eg þakka yður hér með fyrir  
að hafa sent mér bók yðar "Líf og limir",  
sem ég hefi móttengið með ánægju.

Yðar einlægur

Reykjavík, 25. okt. 1955.

Góði vinur.

Ég þakka þér bréf þín, hið síðasta frá 11. okt. s.l. Mér sýnist af því, að þú munir ekki hafa fengið bréfið, sem ég fyrir nokkru skrifaði þér og sendi til aðalræðismannsins í New York, Hannesar Kjartanssonar, þar sem ég vissi þá ekki utanáskrift þína. Í því bréfi var að vísu lítið markvert, en þó vona ég, að fram hafi komið, að ég hefi áhuga fyrir því, sem gerist í málum þínum. Ef þú hefur ekki ennþá fengið bréfið skalt þú spyrja eftir því á ræðismannsskrifstofunni og láta mig síðan vita, hvort það hefur komið til skila eða ekki.

Mér þykir gott að heyra, að þú ert byrjaður að vinna hjá þessu stóra fyrirtæki. Ég er sammála því, að verðið, sem þeir buðu þér fyrir hugmynd þína er allsendis fráleitt og sýnir, að þú þarft að fara varlega í viðskiftum þínum við þá og aðra þar vestra. Get ég í rauninni ekki ráðið þér annað, en að fá þér góðan lögfræðing, sem þú sýnist þegar hafa fengið og láta síðan ráðleggingum hans. Öll þessi mál eru okkur of fjarlæg og ókunnug, til þess að við getum hér heima sagt til um, hvað ráðlegast sé.

Augljóst virðist af því hvoru tveggja, að þeir vilja kaupa hugmynd þína, þótt þeir vilji lítið borga, og að þeir taka þig í vinnu, að þeir telja þig vænlegan til starfa. Um að gera er fyrir þig að nota þetta tækifæri til að kynnast áhugamálum þínum sem bezt, læra af þeim, sem meiri reynzlu hafa og athuga, hvort hugmyndir þínar eru framkvæman-

legar og koma þeim í verð með góðra manna hjálp. Allt þetta veizt þú áður en ég segi þér það, en því miður get ég ekki eins og sakir standa gefið þér haldbetri ráðleggingar.

Eg vona, að þér gangi allt til hags, og að þú láttir mig vita, hvað í þínum málum gerist.

Með vinsemi og virðingu.

Þinn einlægur,



Reykjavík, 12. júlí 1955.

Kæri Bragi Steingrímsson.

Ég þakka bréf yðar frá 1. júní 1955, sem ég hefi rætt við flokksbræður mína í ríkisstjórn. Við erum sammála ýmsum þeim atriðum, er þér nefnið í bréfinu, en það, sem máli skiftir, er, að veiting yfirdýralæknisebættisins heyrir ekki undir ráðuneyti okkar heldur Steingríms Steinþórssonar. Það er þess vegna misskilningur hjá yður að taka svo til orða, að Sjálfstæðisflokkurinn afhendi Framsóknarflokknum yfirdýralæknisebættið. Samkvæmt úrskurði um skiftingu ráðuneyta og landslögum heyrir málið undir landbúnaðarráðuneytið, sem nú er í höndum Framsóknarráðherra en ekki Sjálfstæðis, og höfum við því ekki afhent Framsókn neitt í sambandi við þessa stöðu. Framsóknarmenn hafa og ætíð sett það sem frumskilyrði fyrir þáttöku í ríkisstjórn, að þeir færu með þessi mál, og veit ég ekki ráð til að breyta því meðan slík samvinna er talin nauðsynleg. Auðvitað má alltaf deila um, hvort starfsskiptingin sé sú rétta og segja, að menn hafi samið af sér um hana, en þess ber þá að gæta, að í hópi Framsóknarmanna er stöðugt kvartað yfir því, að við ráðum yfir of mörgum embættaveitingum. Hér sem ella hefur því reynt erfitt að gera öllum til hæfis.

Að svo mæltu læt ég útrætt um þetta mál en kveð yður með vinsemi og virðingu.

Reykjavík, 11. nóv. 1955.

Heiðraði flokksbróðir.

Eg þakka fyrir síðast og í samræmi við það, sem við töluðum um hefi ég látið athuga, hvernig fari um hreppsnefndarkosningu, þegar fjölgað er á kjörtímabili eins og verður nú í Skaróshreppi. Um það, hvort kjósa eigi einungis viðbótarmenn eða alla hreppsnefndarmenn eru engin fyrirmæli í lögum, og sýnist nokkuð sitt hverjum um það, hvað rétt sé. Mér er sagt, að ekki finnist heldur fordæmi, sem hægt sé að styðjast við.

Þar sem fyrirmæli skortir um það að svifta megji þann hreppsnefndarmann, sem fyrir er í hreppsnefnd umboði sínu, virðist mér, að annað hvort beri að kjósa einungis viðbótarmennina, í þessu tilfelli tvo, nú þegar, eða fresta kosningu þeirra, þangað til regluleg hreppsnefndarkosning fari fram. Sumir, sem vanir eru úrskurói slíkra mála, eru aftur á móti þeirrar skoðunar, að alla fimm mennina eigi að kjósa strax.

Það verður ekki með neinu móti fullyrt, hver skoðun yrði ofan á hjá þeim, sem endanlega úrskurðarvaldið hafa, enda er einnig deilt um, í hverra höndum það sé. Þá virðist greinilegt, að sá, sem óánægður er, geti skotið máli sínu fyrst til hreppsnefndar og síðan til sýslumanns. Í mörgum tilfellum mundi úrskurður hans fullnaðarúrskurður, en til mála getur komið, að ef hreppsnefndarmaður, sem nú er, væri sviftur umboði sínu áður en reglulegu kjörtímabili hans er lokið

og hann mótmælir sviftingunni, þá geti hann borið það undir dómsstólana, og mundi það mál vantanlega vera rekið sem opinbert mál.

Allt er þetta mjög á huldu og erfitt að gefa ákveðnar ráðleggingar, en eftir að hafa íhugað málið er skoðun mín sem sagt sú, að rétt sé að kjósa nú einungis tvo menn.

Von mín er sú, að málið leysist friðsamlega hjá ykkur, því að ef til ágreinings kemur eru úrslitin fullkomlega óviss.

Með bestu kveðjum.

Reykjavík, 11. nóv. 1955.

Heiðraði flokksbróðir.

Eg þakka fyrir síðast og í samræmi við það hefi ég látið athuga, hvernig fari um hreppsnefndarkosningu þegar fjölgað er á kjörtímabili eins og verður nú í Skaróshreppi. Um það, hvort kjósa eigi einungis viðbótarmenn eða alla hreppsnefndarmenn eru engin fyrirmæli í lögum, og sýnist nokkuð sitt hverjum um það, hvað rétt sé. Mér er sagt, að ekki finnist heldur fordæmi, sem hægt sé að styðjast við. Þar sem fyrirmæli skortir um það, að svifta megi þann hreppsnefndarmann, sem fyrir er í hreppsnefnd umboði sínu, virðist mér að annað hvort beri að kjósa einungis viðbótarmennina, í þessu tilfelli tvo, nú þegar, eða fresta kosningu þeirra, þangað til regluleg hreppsnefndarkosning fari fram. Sumir sem vanir eru úrskurói slíkra mála, eru aftur á móti þeirrar skoðunar, að alla fimm mennina eigi að kjósa strax.

Það verður ekki með neinu móti fullyrt, hver skoðun yrði ofan á hjá þeim, sem endanlega úrskurðarvaldið hafa, enda er einnig deilt um, í hverra höndum það sé. Þó virðist greinilegt, að sá, sem óánægður er, geti skotið máli sínu fyrst til hreppsnefndar og síðan til sýslumanns. Í mörgum tilfellum mundi úrskurður hans fullnaðarúrskurður, en til mála getur komið, að ef hreppsnefndarmaður, sem nú er, væri sviftur umboði sínu áður en reglulegu kjörtímabili hans er lokið og hann mótmaðir sviftingunni, þá geti hann borið það undir dómstólana, og mundi það mál væntanlega vera rekið sem opinbert mál.

Allt er þetta mjög á huldu og erfitt að gefa

ákveðnar ráðleggingar, en eftir að hafa íhugað málið er skoðun mín sem sagt sú, að rétt sé að kjósa nú einungis tvo menn.

Von mín er sú, að málið leysist friðsamlega hjá ykkur, því að ef til ágreinings kemur eru úrslitin fullkomlega óviss.

Varðandi bæturna fyrir jarðrask í sambandi við raforkulagnir hefi ég fengið svofellda álitssgerð frá einum fulltrúa minna:

"Í raforkulögum nr. 12/1946 41. gr. segir, að raforkuvirki megí ekki hafa í för með sér hættu fyrir eigur annarra manna eða hættu við truflunum á starfrákslu virkja, sem fyrir eru. Sé unnt að afstýra slíkum truflunum með öryggisráðstöfunum, skulu þær gerðar á kostnað eiganda hinna nýju virkja, en þó má skylda eiganda hinna eldri virkja til að bera nokkurn hluta kostnaðarins, ef framkvæmd öryggisráðstafana hefur í för með sér verulega hagsmuni fyrir starfrákslu þeirra framvegis.

Hvorki í lögnum né í reglugerð 61/1933 eru bein ákvæði varðandi skaðabætur vegna jarðrasks af byggingu raforkuvirkja að því er séð verður.

Raforkumálastjóri tjáir mér að gerðar hafi verið skaðabótakröfur vegna jarðrasks í sambandi við raforkuvirki, en kaupí sá, sem fyrir tjóni hefur orðið, rafmagn af raforkuveri ríkisins, skuldbindi hann sig til að þola jarðrask í sambandi við lagnir loftlína og jarðkapla.

Raforkumálastjóri man ekki til, að bætur hafi

enn verið greiddar vegna jarðrasks í sambandi við lögn jarðkapals eða loftlína, en slík mál munu nú vera á döfnni".

Því miður ekki mjög mikið á þessu að græða en að meginstefnu virðist mér auðsætt, að maður eigi rétt á bótum, en erfitt kann að vera að sanna ákveðinn skaða og oft meira umstang við að ná bótum en svari kostnaði. Ef þúvilt, að ég afli frekari upplýsinga skal ég gera það, ef mér er unt.

Með beztu kveðjum.

Sandgerði, 13. sept. 1955.

Herra ráðherra.

Mér hefur borist til eyrna frétt af því, að Einar Jónsson, kennari í Sandgerði hafi sótt um skólastjórastöðu á Álftanesinu og að skólanefndin þar hafi mælt með honum ásamt fámestjóra og fræðslumálastjóra í stöðu þessa.

Vænti ég því að þér setjið hann í þessa stöðu sem fyrst. Skólinn hér er að byrja, og við þurfum að ráða annan kennara í hans stað, en getum að sjálfsögðu ekki gengið frá ráðningu nýs kennara fyrr en Einar er búinn að fá veitingu yðar fyrir þessari stöðu, en tíminn er orðinn afar naumur.

Með kærri kveðju

Páll Pálsson

Privat

Fæskundafundi 15-8 1956

Murtoamála í Gheva

Bjarni Benediktsson

Reykjavíki.

Heiðrati flakki bróðir.

Éinn og ein þorfinn hér í Þudum, er umkint illt fyrir að skilumálin  
hann hér í sandræða ástandi kemandi hantli. Fúer Kaurararinn  
þeir Helgiseðlan og þeir Antoniusarinn hefur sagt upp, og skilumálin  
Jan P. Eggertsson hefur gefið mér þas upplýsingar að hann  
hefur selt um skilumálin stötu í Þalshöfði og hefur þas selt þas um  
um veitingu svo hæðst hann hefur dalfar þad vil fræðumálin  
Helgiseðlan og fúer þas gæðs undirskil. Þas er aðeinn í  
Kumari eflin frá þess Elin borg þunarsdætti sem í möng ári  
hefur verið Kumari hér. Hún hefur gefið mér lafar þess  
að vera á þess hantandi netur, en þess frá skilumálin hér skil  
að vilja þess á gælu starfskrafta, þas mála vor flýtu þess  
til þess affjanda og giftist þas

Þess sem þandi hefur þess ritat mér þess þas sem þess gefur  
mér þas upplýsingar, að þess hantandi nokkur þess affjanda  
í þess, þess þess hantandi álit, skilumálin þess skil,  
þess þess myndi gefu <sup>sin</sup> meðmal, ef þess skil um skil.  
þess stötu, ef þess skil lastnadi. Hún skil á þess þess  
þess skilumálin þess þess þess þess upplýsingar,  
að þess myndi segja upp þess þess þess þess þess.  
Þess þess þess þess þess þess þess þess þess þess  
af þess þess. Þess þess þess þess þess þess þess þess  
þess þess þess þess þess þess þess þess þess þess



Óminni að fá vissu fyrir einkingu Þorfu stada skola. séð  
til handa, ári þess að minnandi Kunnari þou Eiríksem  
þrái samt upp stötu sinni. Þó Þorfu stada skola  
gæfu til að Teli borg, fái skatasljóra stöðuna, myndi  
hins hanna fjöðmu Þorfu stada og reisa þar búr.

Hinn Kæddi ekki geta skilið að þessi ummali Þ. Þ.  
þrái við nokkum að stöðjant, þou vissu er fyrir að  
enginn innan skataneftunda eða sjótsljórnar fardarinnar  
Þorfu stada hefja lynn ynd um að búið sé að veita  
þá stötu sem umræddis, og þar að auki hefja þou  
teirri ean als ekki sagt stötu sinni lausri.

Þar er eitthvað af austræm fullindinga skenni  
sömu drengja. ummali. Þar er þou vissu ley  
þi málí minn að fá að veita þou stötu i þessu  
máli, þou er geti sagt Teli borgu, þou þou  
á ábyggi lega skilið að Kunnari að, þou  
þou er með ofbrigðum lausisthu söm og dug  
þou Kunnari. þou allis lynnandi þou þou  
þessu skatakerandi. Sjá oflitað missu

Óminni þou þou þou þou þou þou  
þou þou þou þou þou þou

Óminni þou þou þou þou þou þou  
Óminni þou þou þou þou þou þou  
(Skilur. Þou þou þou)

21. september 1955.

EPR/HH

Innflutningsskrifstofan,

Reykjavík.

Á síðastliðrum 4 - 5 árum hafa afskipti hins opinbera af verðlagi á vörum og þjónustu farið minnkandi með ári hverju, þannig að nú eru sárafær vörur háðar verðlagseftirliti, og að því er vér best vitum, ekki þannur þjónusta en fargjöld, upp- og útskipun og fargjöld.

Það er þó augljóst, að verðlagseftirlit á þessari þjónustu ségðstaklega, getur ekki haft nema sáralitla þýðingu til þess að halda niðri vöruverði, í fyrsta lagi vegna þess, að mikið af vöruflutningum til landsins eru stórflutningar, svo sem cement, kol, salt o.fl., þar sem flutningsgjöldin fara eftir heimsmarkaðsverði, og geta þar af leiðandi ekki orðið háð íslenskum verðlagsákvæðum, og í öðru lagi af því að þáttur flutningsgjaldanna með íslenskum skipum í sambandi við verðlag á vörum er svo lítil að hans gætur varla í framfærslu-kostnaðinum.

Hagstofa Íslands hefir reiknað út, að vísitöluupphæð flutningsgjaldanna fyrir aðfluttar vörur, nemur aðeins kr. 377.00 samtals af kr. 29.100.00 heildarútgjöldum samkvæmt grundvelli framfærsluvísitöluvar, eða 1.3% af útgjöldum. Hagstofan hefir einnig reiknað út, hver áhrif 10% hækkun nágildandi flutningsgjalda mundi hafa á vísitölu, og komist að þeirri niðurstöðu, samkvæmt meðfylgjandi greinargerð, að slík hækkun, sem nemur tæpum 38.00 kr. af heildarútgjöldunum samsvari 1/5 ár vísitölustigi.

Stjórn félags vors hefir rétt þetta að ítarlega, í sambandi við versnandi hag félagsins vegna stóraukinna útgjalda síðustu árin, og orðið sammála um, að fara þess á leit við yður, að þér leggið til við ríkisstjórnina, að verðlagseftirlit á fargjöldum og fargjöldum á sjó, sem nú eru háð verðlagseftirliti, svo og á upp- og útskipun, verði lagt niður hið fyrsta.

Innflutningsskrifstofan, Reykjavík.

21. september 1955.

En fari svo, að eigi verði unnt að verða við þessari málaleitun vorri, viljum vér til þara fara fram á að oss verði leyft að hækka flutningsgjöldin með skipum vorum um 10% frá 15. október næstkomandi að telja, en það er sú minnsta hækkun, sem komið getur til greina, ef hægt á að vera að halda siglingunu áfram. Slík hækkun mundi besta nokkuð afkomu félagsins, án þess að valda teljandi hækkun á vísitölunni samkvæmt framangreindum útreikningi Hagstofunnar, en eins og yður er kunnugt, voru flutningsgjöld á aðfluttum vörum lækkuð um 5% í desember 1952, og hefir sú lækun haft í för með sér mikil og versnandi áhrif á afkomu félags vors allt til þessa dags, án þess að því er séð verður, að hafa haft nokkur áhrif til lækkunar á vöruverði í landinu.

Vér ventum þess að ofangreind málaleitun vor megi fá sem skjótasta afgreiðslu.

Virðingarfyllt,

H.F. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS.

**Fréttabréf**til herra dómsmálaráðherra Bjarna Benediktssonar, Reykjavík.um vörusölu og launagreiðslur hjá neðantöldum fyrirtækjum á tímabilinu maímán. 1955.


Nafn fyrirtækis:	Vörusala:	Launagreiðslur:
Leðurverzlun Magnúsar Víglundssonar h.f. ....	kr. 55.905.63	kr. 6.325.00
Verksmiðjan Fram h.f. ....	kr. 184.710.85	kr. 72.297.11
Nýja Skóverksmiðjan h.f. ....	kr. 475.509.41	kr. 144.236.75
Magnús Víglundsson, heildverzlun h.f. ....	kr. 525.617.80	kr. 33.240.30
Nærfataefna- og Prjónlesverksmiðjan h.f. ....	kr. 164.012.04	kr. 60.649.64
Sokkaverksmiðjan h.f. ....	kr. 6.133.36	kr. 11.866.09
Skóbúð Reykjavíkur h.f. og útibú ....	kr. 517.344.99	kr. 22.200.00
Sjófataverksmiðjan h.f. ....	kr. 111.005.72	kr. 35.069.30
Verksmiðjan Herkúles h.f. ....	kr. 24.213.86	kr. 36.904.96
Verksmiðjan Otur h.f. ....	kr.	kr.
Samtals	kr. 2.064.453.66	kr. 422.789.15

Athugasemdir:

Verkfallið á s.l. vetri varð þess valdandi, að starfsemi ofangreindra fyrirtækja lagðist niður að mestu; brustu þannig forsendur fyrir útgáfu Fréttabréfsins mánuðina mars og apríl s.l.- Starfrækslan er nú aftur komin í gott horf, fjölbætt verkefni framundan, enda góðar viðskiptahorfur hjá útgefendum Fréttabréfsins.-

Þetta yfirlit er sent yður í trausti þess, að það veiti þýðingarmiklar upplýsingar um starfsemi og hag þeirra fyrirtækja, er það tekur til.

Með vinsemi og virðingu,




M VÍGLUNDSSON

Ofanskráðar tölur eru í samræmi við bækur hlutaðeigandi fyrirtækja og fyrirliggjandi upplýsingar.

Athugasemdir: \_\_\_\_\_

d. u. s.



lögilltur endurskoðandi

# Fréttabréf

til herra dómsmálaráðherra Bjarna Benediktssonar, Reykjavík.

um vörusölu og launagreiðslur hjá neðantöldum fyrirtækjum á tímabilinu ágústmán. 1955.

Nafn fyrirtækis:	Vörusala:	Launagreiðslur:
Leðurverzlun Magnúsar Víglundssonar h.f. ....	kr. 158.915.19	kr. 6.893.18
Verksmiðjan Fram h.f. ....	kr. 113.727.50	kr. 53.226.90
Nýja Skóverksmiðjan h.f. ....	kr. 341.183.98	kr. 136.503.50
Magnús Víglundsson, heildverzlun h.f. ....	kr. 369.344.00	kr. 31.035.85
Nærfataefna- og Prjónlesverksmiðjan h.f. ....	kr. 153.767.45	kr. 60.200.51
Sokkaverksmiðjan h.f. ....	kr. 31.962.72	kr. 18.110.85
Skóbúð Reykjavíkur h.f. og útibú ....	kr. 427.759.06	kr. 28.600.00
Sjófataverksmiðjan h.f. ....	kr. 156.891.25	kr. 33.726.70
Verksmiðjan Herkúles h.f. ....	kr. 38.855.65	kr. 18.405.45
Verksmiðjan Otur h.f. ....	kr.	kr.
Samtals	kr. 1.792.406.80	kr. 386.702.94

Athugasemdir: Að þessu sinni hafa samflot 3 eintök af Fréttabréfinu, fyrir ágúst, september og óktóber, og hafa margvíslegar annir komið í veg fyrir að hægt væri að ganga frá sendingu þess mánaðarlega. Er þar ritstjórnin einn um að saka, því endurskoðandinn hefir jafnan haft sínar niðurstöður til reiðu á hverjum mánaðamótum. Hinsvegar er útgefandi Fréttabréfsins staðráðinn í að halda útgáfu þess áfram, í von um að það færi lesendum sínum jafnan nekkurn fróðleik.

Þetta yfirlit er sent yður í trausti þess, að það veiti þýðingarmiklar upplýsingar um starfsemi og hag þeirra fyrirtækja, er það tekur til.

Með vinsemi og virðingu,

Magnús Víglundsson

Ofanskráðar tölur eru í samræmi við bækur hlutaðeigandi fyrirtækja og fyrirbyggjandi upplýsingar.

Athugasemdir: \_\_\_\_\_

d. u. s. v.  
Björn Þorgeirsson  
lögilltur endurskoðandi


**Fréttabréf**til herra dómsmálaráðherra Bjarna Benediktssonar, Reykjavík.um vörusölu og launagreiðslur hjá neðantöldum fyrirtækjum á tímabilinu septembermán. 19 55.

Nafn fyrirtækis:	Vörusala:	Launagreiðslur:
Leðurverzlun Magnúsar Víglundssonar h.f. ....	kr. 101.322.79	kr. 6.893.18
Verksmiðjan Fram h.f. ....	kr. 333.635.70	kr. 72.072.47
Nýja Skóverksmiðjan h.f. ....	kr. 448.313.29	kr. 158.820.04
Magnús Víglundsson, heildverzlun h.f. ....	kr. 988.309.65	kr. 31.745.50
Nærfataefna- og Þrjónlesverksmiðjan h.f. ....	kr. 262.437.72	kr. 60.701.65
Sokkaverksmiðjan h.f. ....	kr. 60.158.00	kr. 10.389.35
Skóbúð Reykjavíkur h.f. og útibú ....	kr. 525.806.76	kr. 32.170.00
Sjófataverksmiðjan h.f. ....	kr. 114.976.34	kr. 43.457.80
Verksmiðjan Herkúles h.f. ....	kr. 128.286.70	kr. 29.174.05
Verksmiðjan Otur h.f. ....	kr.	kr.
Samtals	kr. 2.963.246.95	kr. 445.424.04

Jafnan eru á dagskrá til úrlausnar hjá íslenskum iðnaði, og þá Athugasemdir einnig hjá útgefendum Fréttabréfsins, margvísleg vandamál vegna skorts á nægilegu starfsfé. Er að því ærið óhagræði, að ekki skuli enn hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að Seðlabankinn endurkaupi iðnaðarvixla af öðrum bankastofnunum, einkum þó þá vixla, er verða til í sambandi við hráefnakaup. Hygg ég að ekki muni audið að benda á hér hjá okkur öllu betri baktryggingu fyrir bankaseðlum, en iðnaðarfyrirtæki vel búin að vélum og hráefnum, en starfrækt af atorku og framsýni.

Þetta yfirlit er sent yður í trausti þess, að það veiti þýðingarmiklar upplýsingar um starfsemi og hag þeirra fyrirtækja, er það tekur til.


Með vinsemi og virðingu,

  
M VÍGLUNDSSON

Ofanskráðar tölur eru í samræmi við bækur hlutaðeigandi fyrirtækja og fyrirliggjandi upplýsingar.

Athugasemdir: \_\_\_\_\_

d. u. s.

  
lögilltur endurskoðandi

**Fréttabréf**

til herra dómsmálaráðherra Bjarna Benediktssonar, Reykjavík.

um vörusölu og launagreiðslur hjá neðantöldum fyrirtækjum á tímabilinu októbermán. 19 55.

Nafn fyrirtækis:	Vörusala:	Launagreiðslur:
Leðurverzlun Magnúsar Víglundssonar h.f. ....	kr. 129.303.26	kr. 6.924.50
Verksmiðjan Fram h.f. ....	kr. 346.443.10	kr. 68.656.30
Nýja Skóverksmiðjan h.f. ....	kr. 478.807.64	kr. 152.823.82
Magnús Víglundsson, heildverzlun h.f. ....	kr. 1.115.179.19	kr. 34.845.50
Nærfataefna- og Þrjónlesverksmiðjan h.f. ....	kr. 273.020.81	kr. 70.574.45
Sokkaverksmiðjan h.f. ....	kr. 55.507.20	kr. 17.367.45
Skóbúð Reykjavíkur h.f. og útibú ....	kr. 686.898.07	kr. 37.662.20
Sjófataverksmiðjan h.f. ....	kr. 202.295.34	kr. 41.155.70
Verksmiðjan Herkúles h.f. ....	kr. 63.651.25	kr. 38.598.30
Verksmiðjan Otur h.f. ....	kr.	kr.
Samtals	kr. 3.351.105.86	kr. 468.608.22

Hinn 17. maí 1954 varð ritstjóri Fréttabréfsins eigandi að Skóbúð Athugasemdir: Reykjavíkur, en hún er ein af 3 elstu skóverzlunum landsins. Tilgangurinn með þessarri ráðstöfun var fyrst og fremst sá, að leitast við að fá framgengt, að íslenskur skófatnaður, og þá sérstaklega framleiðsluvörur Nýju Skóverksmiðjunnar h.f., væru jafnan boðnar almenningi til kaups jafnhliða hinum erlendu vörum er á markaði væru hverju sinni. Gæti þá kaupandinn sjálfur metið kosti hins innlenda og erlenda varnings, og tekið svo sína ákvörðun í samræmi við niðurstöður matsins aðeins.- Starfsemi Skóbúðar Reykjavíkur hefir gengið vel, og hefir verzlunin nú á sínum vegum 5 útsölu- staði í Reykjavík, og hyggur nú á framkvæmdir, er miða að því að greiða götu þeim nýjungum í sambandi við skósölu, er bezt hafa gefist erlendis.- Til- tækilegt mun Þetta yfirlit er sent yður í trausti þess, að það veiti þýðingarmiklar upplýs- að áætla, að ingar um starfsemi og hag þeirra fyrirtækja, er það tekur til.

Skóbúð Reykjavíkur  
muni árlega selja  
skófatnað fyrir  
6-7 milljónir  
króna.

Með vinsemi og virðingum,

M. VÍGLUNDSSON

Ofanskráðar tölur eru í samræmi við bækur hlutaðeigandi fyrirtækja og fyrirleggjandi upplýsingar.

Athugasemdir: \_\_\_\_\_

Bjarn Benediktsson  
d. u. s.  
lögilltur endurskoðandi



15. marz 55.

Db. 30.L.2.

Nr. 130.  
Benedikt (ekki Björn) Blöndal,  
stúdent,  
lánveiting.  
Br.rn.nr. 64, 10.3.55.  
Db.rn. nr. 41.H.sic. 205.

---

Saukvæmt fyrirlagi ráðuneytisins í framangreindu  
bréfi færir sendiráðið í dag ríkissjóði til skuldar 350.-  
d.kr. sem vér létum af hendi við Benedikt Blöndal þegar hann  
dvaldi hér um stund á heimleið nýlega.

Andvirði d. kr. 350.00 með  
gengi 100 kl. kr. = 236.30 ísl. kr.  
verða ísl. kr. 827.00, sem greiddar  
eiga ríkissjóðinu.

Kveðja  
A. V. d.

Utanríkisráðuneytið,  
Reykjavík.



Reykjavík, 31. okt. 1955.

PE/GH

Á síðasta stjórnarfundum ípróttablaðsins h/f, þar sem var til umræðu efni í jólablað ípróttablaðsins, var einróma samþykkt að fara þess á leit við yður, að þér skrifuðuð ávarp eða hugvekju til ípróttamanna.

Virðingarfyllt,

*Þorvaldur Guðnason*  
*Hermann Guðmundsson*  
*Jens Guðbjörnsson*

Hr. menntamálaráðherra,  
Bjarni Benediktsson,  
Reykjavík.

Vinasborg 10 Maí 1955

Hæðstvirtu herra Bjarna Benediktsson.

Mig langar aðeins til að láta í góðs spáskilati  
mitt fjóra aðstoð spá, sem spás veitendur mér  
til hljótleikahalds í Austurvík. Ég spulandi obin  
bestlega í Góraf og Vín og auk spás spilandi ég í  
úthvarpi í Góraf. Þomas um hljótleikana  
vora nýjög gáttuðis á báðum stöðum og  
skrifuðir blöð eins og Neue Tagzeitung og Wiener  
zeitung nýjög vinsamlega um hljótleikana í Vín og

Kleine Zeitung; Graz framúrskarandi vel.  
Eg vona að ég hafi frekar auðveld höfður  
Íslands hér; Austurli, frekar en óþudgagnstæða.

Eg óþakka yður svo en fyrir hjálpinu  
mínu hjartallega.

Með bestu kveðju

yours einlægur

Rögnvaldur Sigurðsson